


Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum íslenskum lögum eiga öll börn rétt á vernd gegn vanrækslu og hvers kyns ofbeldi; líkamlegu, andlegu og kynferðislegu. Þau eiga jafnframt rétt á hjálp ef þau hafa orðið fyrir slíku.

Barn er einstaklingur undir 18 ára aldri.

Allir eru skyldugir til að tilkynna ef þeir hafa grun eða vitneskju um ofbeldi eða vanrækslu á börnum eða að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður.

**Vantar þig upplýsingar?**

Um einkenni ofbeldis og vanrækslu?
Um afleiðingar ofbeldis og vanrækslu á börn?
Um hvernig vernda má börn gegn ofbeldi?
Um hvert þú átt að snúa þér og hvað þú átt að gera ef þú býrð yfir upplýsingum um brot gagnvart barni?

Á **verndumborn.is** færð þú upplýsingar um ofbeldi gegn börnum, einkenni og afleiðingar.

**www.verndumborn.is**

Einnig eru upplýsingar um ofbeldi á neti og hvað ber að varast á **saft.is**.

SAFT

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Barnaheill - Save the Children á Íslandi
Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík
sími: 553 5900
**www.barnaheill.is**

Útgáfan er styrkt af Lýðheilsusjóði.

Börn eiga rétt á vernd gegn hve
ofbeldi og vanrækslu.

Fullorðnir bera ábyrgð á því að koma í veg
ofbeldi gegn börnum og að koma þeim til hjál

Börn bera aldrei ábyrgð á því ofbeldi se
verða fyrir eða vanrækslu.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## VANRÆKSLA

er þegar þörfum barns er ekki sinnt nægjanlega þannig að barninu er búin hætta af eða það getur leitt til skaða á þroska þess.

Vanræksla getur verið ...

- líkamleg
- tilfinningaleg
- varðandi nám
- varðandi umsjón og eftirlit

## OFBELDI

getur verið ...

- líkamlegt
- andlegt
- kynferðislegt
- hegðun sem stefnir heilsu eða lífi ófædds barns í hættu
- ef barn býr við eða er vitni að ofbeldi innan fjölskyldu er barnið líka þolandi ofbeldis

## EINELTI

- er félagslegt, menningarlegt og samskiptalegt mein
- er endurtekin niðurlægjandi áreitni andleg eða líkamleg, einangrun eða útskúfun
- er ofbeldi
- Fullorðnir bera ábyrgð á því að koma í veg fyrir einelti

## NETIÐ

Barn getur orðið fyrir ofbeldi eða einelti á netinu og ber fullorðnum að vernda börn gegn því.

Mikilvægt er að foreldrar ræði við börn sín um samskipti á neti og kenni þeim að setja sér mörk um hvað þau setja á netið og við hverja þau eiga samskipti.

Á **barnaheill.is** er ábendingahnappur þar sem hægt er að tilkynna um ofbeldi og einelti á neti.

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
REPORT ILLEGAL CONTENT



**Vísbendingar um vanlíðan hjá barni:**

Skapsveiflur
Mikill grátur
Breyttar matarvenjur
Breytt hegðun
Persónuleikabreytingar
Óframfærni eða hlédrægni
Hræðsla við að fara heim og strok að heiman
Einbeitingarskortur
Magaverkir – kvíði – streita
Sjálfsskaðahegðun
Óútskýrð hræðsla t.d. við myrkur, einveru, ákveðið fólk eða staði
Svefnvandamál, martraðir og eða hræðsla við að fara að sofa eða sofa eitt

Þessi einkenni geta verið merki um að barn hafi verið beitt ofbeldi, en þurfa ekki að vera það.

**Hefur þú grun um eða veistu um barn...**

- sem er vanrækt eða beitt ofbeldi?
- sem hefur verið beitt ofbeldi en ekki fengið hjálp?
- sem hefur verið beitt ofbeldi, verið tælt eða lent í einelt á netinu?

Ef svo, tilkynntu þá til **barnaverndarnefndar** eða **112** svo hægt sé að koma í veg fyrir frekari vanrækslu eða ofbeld gegn barninu og koma því til hjálpar.

Tilkynning til barnaverndar er beiðni um aðstoð en ekki kæra. Sjá nánar á **www.bvs.is**

Mikilvægt er að trúa barni sem segir frá ofbeldi. Látum fagfólk skoða málið og grípa til aðgerða ef þess reynist þörf